



Landssamband hestamannafélaga
Engjavegi 6
104 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2019

Efni: Afrekssjóður ÍSí – Flokkun í afreksflokka

Kæru félagar.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí hefur á fundum sínum fjallað um tilfærslur sérsambanda á milli afreksflokka eins og getið er um í reglugerð sjóðsins. Hefur stjórn sjóðsins horft til þeirra viðmiða sem getið er um í reglugerð sem og þær upplýsingar sem liggja fyrir frá Afreks- og Ólympíusviði ÍSí um árangur og starfsemi sérsambanda.


Á fundi Afrekssjóðs ÍSí þann 29. október sl. var samþykkt að færa Landssamband hestamannafélaga (LH) úr flokki C/Þróunarsérsambönd í flokk B/Alþjóðleg sérsambönd og hefur framkvæmdastjórn ÍSí staðfest þá ákvörðun.

Afreksstarf LH hefur tekið miklum breytingum á síðasta ári og árangur keppenda verið frábær. Það hefur ekki farið fram hjá stjórn sjóðsins sem og þeim fulltrúum ÍSí sem fundað hafa með sambandinu á stöðufundum og við önnur tilefni. LH á hrós skilið fyrir það starf sem hefur verið unnið.

Tekur breytingin gildi þann 1. janúar 2020 sem þýðir að sérsambandið fær meðhöndlun vegna umsókna fyrir 2020 samkvæmt nýrri flokkun.

Virðingarfyllt,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS


Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri ÍSí


Andri Stefánsson
sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí

